

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 17. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð nr. 296/2007, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæmingar rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er innheimt árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2.000 lítra og minni	5.960
2.001 – 4.000 lítra	6.900
4.001 – 6.000 lítra	8.220

Fyrir rotþrær stærri en 6.000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 4.936 á rúmmetra við losun.

Þurfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 25.000 fyrir hverja tæmingu.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 500,7 í desember 2009.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá sama efnis nr. 138/2009.

Borgarnesi, 21. janúar 2010.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2010